



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn, 1. febrúar, 2019

Ákvörðun nr. 1/2019

Kaup SID ehf. á öllu hlutafé Lyfju hf.

Samantekt

Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir niðurstöðu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kaupum SID ehf. á öllu hlutafé Lyfju hf. Rannsókninni lauk með sátt Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila, dags. 11. september 2018.

Með samrunanum eignast SID ehf. allt hlutafé í Lyfju hf. og dótturfélögum. SID er að meirihluta í eigu framtakssjóðsins SÍA III slhf. sem er með rekstrarsamning við sjóðastýringarfyrirtækið Stefni hf. dótturfélag Arion banka hf. Aðrir hluthafar SID eru félögin Kaskur ehf. og Þarabakki ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur samruni þessa máls ekki í sér samkeppnishömlur í hefðbundnum skilningi samrunareglna samkeppnislaga, enda er ekki um að ræða fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði. Aftur á móti var það mat Samkeppniseftirlitsins að vegna tengsla samrunaaðila við Stefni og Arion banka væri nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði sem einkum er ætlað að tryggja óhæði Lyfju gagnvart Arion banka. Þá er einnig í sáttinni kveðið á um skilyrði sem varða óhæði stjórnenda Lyfju og upplýsingagjöf til hluthafa sem eiga jafnframt eignarhluti í keppinautum fyrirtækisins. Framangreind skilyrði eru í samræmi við fyrri sáttir sem Samkeppniseftirlitið hefur gert í ýmsum málum sem varða fjárfestingar framtakssjóða sem eru í rekstri sjóðastýringarfyrirtækja stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka, í atvinnufyrirtækjum.

Eftir að rannsókn lauk hefur tafist að birta ákvörðun þessa, vegna mikilla anna við meðferð annarra mála.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 23. apríl 2018 þar sem tilkynnt var um kaup SID ehf. (hér eftir SID) á öllu hlutafé Lyfju hf. (hér eftir Lyfja). Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Samkeppniseftirlitið féllst ekki á að nægilegt hefði verið að skila inn styttri samrunaskrá og taldi nauðsynlegt að krefjast lengri tilkynningar vegna samrunans svo unnt væri að meta samkeppnisleg áhrif hans, sbr. 2. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 11. júní 2018, barst ný samrunatilkynning og í kjölfarið, 5. júlí 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða þann 12. júní 2018.



Hluthafar í SID eru þrír, SÍA III slhf. (SÍA III), framtakssjóður á vegum Stefnis hf. dótturfélags Arion banka hf., Kaskur ehf. og Þarabakki ehf. Samhliða því að samrunatilkynning var send Samkeppniseftirlitinu bærust eftirlitinu tillögur að skilyrðum sem kaupandi var tilbúinn að hlíta til þess að samruninn næði fram að ganga. Voru umrædd skilyrði sambærileg þeim sem framtakssjóðir á vegum Stefnis hf. höfðu gengist undir í öðrum viðskiptum sem áður hafði verið ráðist í.

Með bréfi, dags. 13. júlí 2018, var samrunaaðilum tilkynnt að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga. Málinu lyktaði með því að gengist var undir tiltekin skilyrði með sátt við Samkeppniseftirlitið þann 11. september 2018. Tilurð skilyrðanna má rekja til þeirra samkeppnisbresta sem kynnu að felast í tengslum viðskiptabanka við SID sem og eignarhaldi sömu hluthafa í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaðnum og stjórnarsetu milli fyrirtækja sem eiga í samkeppni.

Í þessari ákvörðun er gerð nánari grein fyrir forsendum þess að grípa þurfti til íhlutunar í málinu. Eins og fram er komið var gengið frá sátt í málinu í september 2018. Vegna anna hefur dregist að birta ákvörðun þessa.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hvenær samruni í skilningi samkeppnislaga hefur átt sér stað. Í samrunaskrá segir að SID fjárfesti í öllu hlutafé í Lyfju. Þá segir að SID sé einkahlutafélag sem sé eins og áður greinir í eigu SÍA III, Kasks og Þarabakka. Hafa þessi félög, samkvæmt samrunaskránni gert með sér hluthafasamkomulag þar sem kveðið er á um að stjórnir SID og Lyfju séu skipaðar þannig að [SÍA III hafi rétt til að tilnefna þrjá aðila í stjórn en aðrir hluthafar, Kaskur og Þarabakki, hafi rétt til að tilnefna einn aðila hvor].¹ Til að samþykkt stjórnar eða hluthafafundar SID eða Lyfju liggi fyrir, að því er varðar tilteknar ákvarðanir, þarf slík samþykkt að hljóta samþykki [þess fulltrúa SÍA III sem tilgreindur er handhafi neitunarvalds auk stjórnarmanna sem tilnefndir eru af Kaski og Þarabakka. Samkvæmt samrunaaðilum lúta þessar ákvarðanir ekki að rekstri félaganna heldur er þessi minnihlutavernd að mestu hugsuð til að gera jafnvægi milli aðila sem líkast því og ef SÍA III ætti tæplega 2/3 hlutafjárins en ekki 70% þess].²

SÍA III er framtakssjóður sem er að mestu leyti í eigu ýmissa fagfjárfesta. Rekstraraðili sjóðsins er Stefnir sem er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og er að fullu í eigu Arion banka hf. Á grundvelli rekstrarsamnings SÍA III við Stefni hefur fyrirtækið víðtæka aðkomu að sjóðnum og hníga sterk rök til þess að Stefnir fari með yferráð yfir sjóðnum í skilningi samkeppnislaga. Auk þessa sjóðs kemur Stefnir jafnframt að öðrum framtakssjóðum sem hafa yferráð í fleiri fyrirtækjum.

Tengsl Arion banka hf. við viðskiptin

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.



Stefnir er eins og áður segir dótturfélag Arion banka og er fyrirtækið stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 350 ma. króna í virkri stýringu. Fyrirtækið er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði samkvæmt lögum nr. 128/2011. Auk þessa hefur félagið starfsleyfi til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.

Í stjórn Stefnis sitja fimm menn, en tveir þeirra eru háðir Arion banka. Með sátt við Samkeppniseftirlitið hafa takmarkanir verið settar á aðkomu Arion banka að SID á þann veg að þeir stjórnarmenn er skipaðir verða í krafti eignarhlutar SÍA III skuli verða óháðir bankanum. Þá gilda enn fullum fetum fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins, sem enn eru í gildi og kveða á um sjálfstæði Stefnis gagnvart Arion banka og það háttarni sem fyrirtækjunum er heimilt s.s. varðandi viðskipti milli tengdra aðila og fleira.

III.

Niðurstaða

Kaup SID á öllu hlutafé í Lyfju leiða til þess að eftir kaupin muni SÍA III fara með yferráð í Lyfju í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Það er ljóst að veltuskilyrði sbr. 17. gr. a samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum samkeppnislaga.

1. Skilgreining markaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina markaðinn sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Sá samruni sem hér um ræðir er þess eðlis að hann leiðir ekki til samþjöppunar á skilgreindum mörkuðum málsins og er því um svokallaðan samsteypusamruna (e. *conglomerate merger*) að ræða. Hvorki verður breyting á markaðsstöðu SÍA III eða Stefnis við samrunann né heldur á stöðu Lyfju á mörkuðum þar sem fyrirtækið starfar. Í þessu máli hefur einnig þýðingu að í kjölfar sölu SF V GP slhf. og SF V GP ehf., félaga undir yferráðum Stefnis, á öllu hlutafé Festi hf., eru engin önnur fyrirtæki sem eru undir yferráðum sjóða á vegum Stefnis sem stunda starfsemi á mörkuðum málsins eða mörkuðum tengdum þeim. Af þessum sökum er því minna tilefni en ella til að skilgreina ítarlega þá markaði sem aðilar samrunans starfa á.

Í samrunaskrá er minnst á að samkeppnisyfirvöld hafi sett fram ítarlega skilgreiningu á mörkuðum sem annar samrunaaðili þessa máls, Lyfja, starfar og einnig sett fram greiningu á markaðshlutdeild fyrirtækisins á skilgreindum mörkuðum þess samruna sem um var fjallað í ákvörðun nr. 28/2017 *Samruni Haga og Lyfju*. Ennfremur hafa samrunaaðilar þetta um samrunann að segja:



„Samrunaaðilar benda á að þar sem starfsemi þeirra skarast ekki á skilgreindum mörkuðum samrunans sé e.t.v. minna tilefni en ella til að skilgreina þá markaði sem aðilar starfa á með jafn ítarlegum hætti og gert er í þeim tilvikum þar sem samrunaaðilar starfa báðir á skilgreindum mörkuðum tiltekins samruna. Að því sögðu telja samrunaaðilar ekki sérstaka ástæðu til að skilgreina markaði málsins á annan hátt en gert er í framangreindri ákvörðun og leggja til grundvallar að hlutdeild Lyfju á þeim mörkuðum sem félagið starfar sé að stærstu leyti sú sama og fram kom í tilvísaðri ákvörðun nr. 28/2017, að öðru leyti en þess sem sérstakleg er getið í neðangreindri umfjöllun.“

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við framangreind viðhorf samrunaaðila. Af þeim sökum og í ljósi niðurstöðu málsins er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki þörf á að fjalla ítarlega um markaðina sem málið kann að varða.

Markaður fyrir smásölu lyfja

Í samrunaskrá kemur fram að samkeppnisyfirvöld hafi fjallað um lyfjamarkaðinn í fyrri ákvörðunum sínum og er þar vísað til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2018, 28/2017, 8/2016, 1/2016, 28/2006, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli 6/2006. Að mati samrunaaðila er markaður fyrir smásölu lyfja einn þeirra vöru- og þjónustumarkaða sem álita kemur í málinu.

Ekki fæst betur séð en samrunaaðilar séu sammála þeirri skilgreiningu á lyfjamarkaðnum sem fram hefur komið í fyrrnefndum úrlausnum Samkeppniseftirlitsins. Eftirlitið telur ekki ástæðu í þessu máli að víkja frá fyrri skilgreiningum á markaði fyrir smásölu lyfja.

Markaðir fyrir smásölu hreinlætis- og snyrtivara

Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til ákvörðunnar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 og telja þeir að Lyfja starfi á þeim tveimur undirmörkuðum sem nefndir eru í fyrrnefndri ákvörðun, þ.e annars vegar markaði fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum og hins vegar markaði fyrir smásölu á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörum og að það séu tveir af vöru- og þjónustumörkuðum málsins. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við fyrri skilgreiningu hvað þetta áhrærir.

Markaður fyrir heilsuvörur í smásölu

Í samrunaskrá er vísað til ákvörðunar nr. 28/2017 hvað varðar markaðsskilgreiningu fyrir heilsuvörur í smásölu. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir í máli þessu við framangreinda skilgreiningu.

Markaður fyrir innflutning og dreifingu á heilsuvörum

Í samrunaskrá er vísað til ákvörðunar nr. 28/2017 hvað varðar heildarmarkaðinn fyrir innflutning og dreifingu á heilsuvörum og að hann sé einn af vörumörkuðum þessa samruna. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki sé þörf á að greina markað fyrir innflutning og dreifingu á heilsuvörum í frekari undirmarkaði og að sá markaður sé sá sem Heilsa, dótturfélag Lyfju, starfar á.

Landfræðilegi markaðurinn



Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland, enda selji yfirteknu félögin vörur sínar og þjónustu til aðila um allt landið. Ennfremur telja samrunaaðilar að nægilegt sé að skilgreina landfræðilegan markað málsins sem landið allt.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemdir við framangreint og telur landfræðilegan markað málsins vera landið allt, Ísland.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Sjóðastýringarfyrtækni á vegum stóru viðskiptabankanna þriggja hafa staðið að fjárfestingum í fjölmörgum fyrtækjum á innlendum samkeppnismörkuðum undanfarið. Hefur Samkeppniseftirlitið sett þess háttar fjárfestingum skilyrði sem ætlað er m.a. að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði viðkomandi fyrtækja frá viðskiptabönkunum þremur þrátt fyrir eignarhaldið. Ítarlega er gerð grein fyrir forsendum þessara skilyrða í fjölmörgum ákvörðunum eftirlitsins. Eru þær allar aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.³

Eftirlitið hefur talið þessi skilyrði nauðsynleg til þess að tryggja heilbrigða samkeppni á fjármálamarkaði. Þá hefur jafnframt verið talið nauðsynlegt að tryggja að viðskipti fyrtækjanna við samstæður bankanna byggji á viðskiptalegum forsendum og að mismunandi tegundir þjónustu séu ekki samtvinnaðar. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2013, *Fjármálaþjónusta á krossgötum*, var ein af niðurstöðunum einmitt sú að tilhneiging virtist vera til þess að viðskipti einstakra fyrtækja héldust innan samstæðu einstakra viðskiptabanka, t.a.m. viðskipti á sviði fjárfestingabankastarfsemi, viðskiptabankastarfsemi og sjóðastýringar.⁴

Í þessu máli er uppi sú staða að sömu lífeyrissjóðir koma að eignarhaldi í fleiri en einu fyrtækni á sama samkeppnismarkaði. Markmið Samkeppniseftirlitsins með því að hlutast til um samruna felst í því að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi SID og SÍA III á Lyfju og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA III á öðrum atvinnufyrtækjum. Eftirlitið hefur á síðustu árum fjallað nokkuð um þá samkeppnisbresti sem geta verið fólgnir í minnihlutaeign sama hluthafa í fleiri en einum keppinauti á sama markaði. Þá hefur eftirlitið einnig beitt sér fyrir því að spornað sé gegn því að keppinautar og dótturfélög þeirra séu tengd keppinautum í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Telur eftirlitið að gjalda beri varhug við eignatengslum af þessu tagi. Í þessu máli telur eftirlitið þó nægjanlegt að mæla fyrir um tiltekna framkvæmd á upplýsingagjöf SÍA III til hluthafa sinna. Er þeirri framkvæmd ætlað að koma í veg fyrir það að þessir hluthafar fái viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um SID og Lyfju.

3. Íhlutun

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að setja umræddum samruna skilyrði. Skilyrðunum er ætlað að tryggja sjálfstæði Lyfju sem

³ Sjá t.d. ákvörðun eftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhóтели ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.*, ákvörðun nr. 37/2017 *Kaup GP holding ehf. á öllu hlutafé í Gámaþjónustunni ehf.*, ákvörðun nr. 13/2017 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Líflandi ehf.*, ákvörðun nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.* og ákvörðun nr. 22/2015 *Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynnisferðum hf.*

⁴ Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins.



keppinauts á markaði gagnvart Arion banka. Þá er jafnframt kveðið á um tiltekna meðferð á trúnaðarupplýsingum gagnvart þeim aðilum sem eiga hluti í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama samkeppnismarkaðnum. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila leiddu í kjölfarið til sáttar sem felur í sér þau skilyrði sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að þau leysi hin samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum kynnu ella að stafa. Fela skilyrðin meðal annars í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar SID, Lyfju og dótturfélaga gagnvart Arion banka og um meðferð trúnaðarupplýsinga gagnvart þeim hluthöfum sem eiga hluti í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði.

Í a-lið 2. töluliðar í sáttinni er kveðið á um óhæði stjórnarmanna SID, Lyfju og dótturfélaga gagnvart Arion banka. Í ljósi framangreindrar aðkomu bankans að Lyfju telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að tryggja að stjórnarmenn verði óháðir bankanum. Eftirlitið hefur í ræðu og riti gert ítarlega grein fyrir þeim samkeppnisbrestum sem fólgnir geta verið í aðkomu viðskiptabanka að fyrirtækjum í samkeppnisrekstri á ótengdum mörkuðum. Í b-lið ákvæðisins eru settar fram kröfur um að þeir sem SÍA III skipi í stjórn SID, Lyfju og annarra dótturfélaga, og lykilstarfsmenn Lyfju og dótturfélaga skuli ekki vera tengdir keppinautum Lyfju og annarra dótturfélaga í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald.

Skilyrðum í 3. tölulið sáttarinnar er ætlað að koma í veg fyrir að þeir hluthafar sem koma að fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði fái í hendur viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Veiting slíkra upplýsinga kynni að raska samkeppnislegu sjálfstæði Lyfju og skapa ranga hvata í samkeppni á milli fyrirtækja á markaði. Þannig er kveðið á um að stjórn og starfsmenn SÍA III skuli haga samskiptum sínum við hluthafa Lyfju þannig að gætt sé að því að samkeppni sé ekki raskað á viðkomandi markaði. Þá skal þess gætt að í upplýsingamiðlun til hluthafa félagsins sem einnig eiga eignarhluti í keppinautum þess berist ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geti samkeppni.

Í 4. og 5. tölulið sáttarinnar er fjallað um viðskipti SID, Lyfju og dótturfélaga við tengda aðila. Þá er í lok sáttarinnar fjallað um brottfall skilyrða sáttarinnar og réttur samrunaaðila til endurupptöku áréttáður, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

IV. Ákvörðunarorð:

Kaup SID ehf. (hér eftir SID) á öllu hlutafé í Lyfju hf. (hér eftir Lyfja) fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið, SID, Lyfja, Stefnir hf. (hér eftir Stefnir) og SÍA III slhf. (hér eftir SÍA III) hafa gert með sér eftirfarandi sátt samkvæmt 17. gr. f. samkeppnislaga. Í henni felst að framangreind fyrirtæki skuldbinda sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. samkeppnislaga.

I.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum

1.



Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi SID og SÍA III á Lyfju og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA III á öðrum atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Lyfju á þeim mörkuðum sem fyrirtækið og dótturfélög þess, Heilsa ehf., Mengi ehf., Árkaup ehf. og Heilsuhúsið ehf. starfa á.

2.

Sjálfstæði SID, Lyfju og dótturfélaga

- a) Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í SID, Lyfju og dótturfélaga skulu vera óháðir Arion banka hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Arion banka hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila eða hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Stefnis hf. sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, framkvæmdastjóra SID og í stjórn SID og Lyfju.
- b) Þeir sem SÍA III skipar í stjórn SID, Lyfju og annarra dótturfélaga (í síðari tilvikunum í gegnum eignarhald sitt í SID og Lyfju), skulu ekki vera tengdir keppinautum Lyfju og annarra dótturfélaga í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn Lyfju og annarra dótturfélaga. Ákvæði þetta í heild sinni á einnig við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald.
- c) Framkvæmdastjórar Stefnis, SÍA III, SID og Lyfju og þeir aðilar sem sitja í stjórn SID, Lyfju og dótturfélaga (í gegnum eignarhald SÍA III í SID og Lyfju) skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.
- d) Með lykilstarfsmanni í grein þessari er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu viðkomandi félags.

3.

Upplýsingagjöf til hluthafa SÍA III

Stjórn og starfsmenn SÍA III skulu haga samskiptum við hluthafa SÍA III með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim mörkuðum sem Lyfja starfar á sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa SÍA III sem eiga eignarhluti í keppinautum Lyfju skal þess gætt að veita aðeins nauðsynlegar upplýsingar er varða rekstur SID og Lyfju sem hluthafar SÍA III eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi. Skal þess gætt að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geta samkeppni berist ekki til þeirra.



4.

Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti annars vegar á milli SID, Lyfju, annarra dótturfélaga og hins vegar tengdra aðila skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða.

Með viðskiptum er m.a. átt við kaup og sölu á eignum, birgjasamninga og banka- og lánaviðskipti.

Með tengdum aðilum er átt við Arion banka, Stefni og önnur fyrirtæki sem eru undir yfirráðum félaga sem hafa rekstrarsamning við Stefni.

5.

Kaup á skráningarþjónustu

Komi til þess að SID, Lyfja eða önnur dótturfélög verði skráð á skipulagðan verðbréfamarkað skal stjórn félagsins eða dótturfélagsins bjóða út þjónustu og ráðgjöf vegna skráningarinnar eða leita tilboða með öðrum hlutlægum hætti. Áður en tilboða er leitað skulu hlutlægar kröfur til bjóðenda og verkefnisins liggja skýrt fyrir.

II.

Önnur ákvæði

6.

Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef SÍA III missir yfirráð í Lyfju. Aðilum er heimilt hvenær sem er, sameiginlega eða hverjum fyrir sig, að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

7.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson